

Skipulagsstofnun  
Jón Þórir Þorvaldsson  
Laugavegi 166  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 14. maí 2019

2019040046/42-2

TB

tb

## Endurbætur á Grafningsvegi efri, seinni áfangi, umsögn

Vísað er til bréf frá Skipulagsstofnun, dags. 26. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort og á hvaða forsendum endurbætur á Grafningsvegi, seinni áfangi, skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Samkvæmt upplýsingum um framangreinda framkvæmd mun verða lagt bundið slitlag á um 6 km kafla af í allt 11 km vegi frá afleggjara að Nesjavöllum að bænum Úlfþjótsvatni, seinni áfangi. Öll framkvæmd við veginn á þessum kafla verður að öllu leiti í núverandi vegstæði. Umfang rasks er áætlað um 5,1 ha í núverandi vegstæði og vegfláa. Gert er ráð fyrir að efnispör sé um 15.000 m<sup>3</sup>, tekið úr Króksnámu.

Náttúrufræðistofnun telur að framagreind framkvæmd við endurbætur á Grafningsvegi muni ekki valda miklum neikvæðum umhverfisáhrifum á náttúru svæðisins eða sérstökum náttúruminjum vegna verklegra framkvæmda ef staðið er að þeim eins og þeim er lýst. Þar sem um er að ræða verndarsvæði þarf að gera kröfu um gott eftirlit með framkvæmdinni allan tímann, að mótvægisáðgerðum sé fylgt, og ráða þarf til verksins aðila sem eru kunnir af vönduðum vinnubrögðum svo rask verði sem allra minnst á viðkvæmum svæðum. Ef farið verður í uppgræðslu á röskuðum svæðum þarf að tryggja eða ekki séu notaðar framandi tegundir heldur staðargróður. Sá þáttur verksins sem gæti valdið neikvæðum umhverfisáhrifum er mengun. Í matsskyldufyrirspurninni er lýst mótvægisáðgerðum og verklagi, s.s. daglegu eftirliti með olíuleka, sem ætti að öllu eðlilegu að koma í veg fyrir mengunarslys. Í innsendum gögnum virðist ekki frágengið hvar efnistaka muni fara fram en ekki er gert ráð fyrir að taka efni úr námu við Stangarháls eins og áður var gert ráð fyrir. Þessu þarf að ganga frá en þó má gera ráð fyrir að efnistakan valdi ekki umtalsverðum umhverfisáhrifum þar sem til stendur að leita í námu sem áður hefur verið opin eða þá væntanlega að fara í námu við Stangarháls.

Með hliðsjón af 2. viðauka laga nr. 106/2000 telur Náttúrufræðistofnun ekki líklegt að



framangreindar endurbætur á Grafningsvegi séu líklegar til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og því ekki þörf á að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum. Stofnunin telur að tryggja þurfi í viðeigandi framkvæmdaleyfum og starfsleyfum að farið sé eftir þeim mótvægisáðgerðum sem gert er ráð fyrir af hálfu Vegagerðarinnar.

Virðingarfyllst



Trausti Baldursson  
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

